

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1969

4. janúar 1969.

1

Nr. 1.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar
gengis íslenskrar krónu frá 31. desember 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér að í lög um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu frá 31. desember 1968 skorti ákvæði um gildistöku laganna.

Til að forða vandkvæðum beri brýna nauðsyn til að lögin öðlist þegar gildi.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 18. gr. laga um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu frá 31. desember 1968 komi ný grein, er verði 19. gr. svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 4. janúar 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

Stjórnartíðindi A, nr. 1. Útgáfudagur 6. janúar 1969.